

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2013

Umhverfistofnun  
SI, ABG  
13. des. 2013  
861  
Til 18/12/2013 12:00074

## Varðar: Endurnýjun starfsleyfis fyrir olíubirgðastöðina á Litla-Sandi

Með vísan til 10 gr reglugerðar nr 785/1999, sbr 1. gr reglugerðar nr 1077/2005 og 2. gr reglugerðar nr 105/2004, óskar Olíudreifing ehf, kt 660695-2069 eftir endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur olíubirgðastöðvar á Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit.

Samhljóða bréf var sent 23. september 2013 til stofnunarinnar, sem virðist ekki hafa borist. Vegna þess tíma sem til stefnu er, óskar félagið eftir framlengingu á því starfsleyfi sem í gildi er, meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu.

- a. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþáttta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,
  - *Tekið á móti, geymd og afgreidd olía auk móttöku á úrgangsolíu samkvæmt verklagsreglum, sem samræmast reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ISO 14001 staðalinn, ISGOTT, International Safety Guidelines on Oil Tankers and Terminals og eru vottaðar í samræmi við ISO 9001:2008 staðalinn*
  - *Umfang starfseminnar er óbreytt hvað jarðefnaeldsneyti varðar, þannig að í olíubirgðastöðinni væri heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 6.850 m<sup>3</sup> af olíu og bensíni..*
- b. afrit af staðfestu deiliskipulagi,
  - *deiliskipulag fyrir Litla-Sand er í vinnslu og verður sent stofnuninni um leið og það er staðfest.*
- c. lýsing á staðháttum við vinnslustað,
  - *Skip leggst að Miðsands eða Litla-Sandsbryggju og losar í geyma stöðvarinnar í gegnum lagnir. Afgreitt er beint í skip í gegnum lagnir og á bíla, sem stæðu á áfylliplani stöðvarinnar.*
- e. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,
  - *Losun vatns fer í gegnum olíuskilju í púkk.*
  - *Áhrif losunarinnar má m.a. lesa á vef UST:* <http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia - upplys. til fjoðmidla.pdf>
  - *Losun rokgjarnra lifrænna efnasambanda er undir 35 g/Nm<sup>3</sup> á klukkustund. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á meðhöndlun bensíngufa og kemur fram í bréfi Umhverfisráðuneytisins frá 16.04.2010*
- f. lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,
  - *Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfispáttum, frárennsli fer í gegnum viðurkennda olíuskilju sem eru í reglubundnu eftirliti og þjónustu og geymar standa í lekapró sbr reglugerð nr 35/1994.*
- g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,
  - *Olíuskiljur eru virkniprófaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð 35/1994, auk daglegs, vikulegs og mánaðarlegs eftirlits.*
  - *VRU búnaður til að meðhöndla bensíngufur er prófaður árlega af þjónustuaðila sem framleiðandi viðurkennir*
- h. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999

- *Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og haldið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu, auk innri úttekta í samræmi við ISO staðlana*

- i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,
  - *Þeim spilliefnum sem gætu myndast við afgreiðslur, eins og olíumenguðar tuskur, er safnað í sérstök spilliefnakör, sem tæmd eru reglulega af viðurkenndum aðilum.*
- j. lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna,
  - *sjá i-lið*
- k. lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.
  - *Ekki er um frekari ráðstafanir að ræða*

Í samræmi við 1. gr reglugerðar 105/2004 fylgja auk þess umsókninni:

- a. Staðfesting á að starfsemin sé með tryggingu í samræmi við 15. gr laga nr 33/2004.
- b. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað, endilega hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfullst,  
f.h. Oliudreifingar ehf.



Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi